



Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.
Borgarbraut 54
310 Borgarnesi

Dagsetning **15. júlí 2024**
Málsnúmer MRN24040077

Viðurkenning Menntaskóla Borgarfjarðar sem einkaskóli á framhaldsskólastigi, tímabilið 14.04.2024 – 14.04.2027

Vísað er til umsóknar Menntaskóla Borgarfjarðar ehf., kt. 530606-0900, dags. 4. apríl 2024, þar sem sótt er um endurnýjun viðurkenningar sem einkaskóli á framhaldsskólastigi.

Samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, getur mennta- og barnamálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur metið skólanámskrá og önnur framlögð gögn um starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar út frá þeim skilyrðum og viðmiðum sem fram koma í lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, og almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og telur skólann uppfylla skilyrði til að hljóta viðurkenningu til að annast kennslu á framhaldsskólastigi.

Á grundvelli þess sem að framan greinir er Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. veitt viðurkenning til kennslu á framhaldsskólastigi til þriggja ára. **Gildistími viðurkenningar er tímabilið 14.04.2024 – 14.04.2027.**

Viðurkenningin grundvallast á skólanámskrá Menntaskóla Borgarfjarðar og tekur til kennslu námsbrauta með námslok: 3 – Framhaldsskólapróf (annað þrep), 6 – Bóknámsbrautir til stúdentsprófs (þriðja þrep), 7 – Aðrar brautir til stúdentsprófs (þriðja þrep), 12 – Nám fyrir nemendur á starfsbraut (fyrsta þrep).

Með þessari viðurkenningu er staðfest að Menntaskóli Borgarfjarðar uppfylli viðmið til þess að kenna eftir staðfestum námsbrautalýsingum:

Félagsfræðibraut (22-522-3-6)

Íþróttfræðibraut (22-526-3-6)

Náttúrufræðibraut – búfræðisvið (22-524-3-7)

Náttúrufræðibraut (22-523-3-6)

Opin braut (22-525-3-6)

Stúdentsbraut starfsnám (16-158-3-7)

Framhaldsskólabraut (18-381-2-3)

Starfsbraut (17-269-1-12)

Viðurkenningin byggir á því að kennsla fari fram í húsnæði skólans að Borgarbraut 54, 310 Borgarnesi, eins og því er lýst í umsókn, sem hefur verið tekið út og samþykkt af heilbrigðiseftirliti og yfirvöldum brunamála. Jafnframt byggir hún á því að starfsemi skólans fari fram samkvæmt þeim forsendum og skilyrðum sem rakin eru í umsókn.

Viðurkenningarbréf þetta skal birta á vef skólans ásamt skólanámskrá, námsbrautalýsingum og verðskrá og gjaldtökureglum, ef um slíkt er að ræða. Mennta- og barnamálaráðuneytið áskilur sér rétt til að birta viðurkenningarbréf þetta.

Þess skal getið að í viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laga um framhaldsskóla og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Viðurkenning felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Skólinn ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi. Viðurkenning veitir nemendum skólans ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Menntasjóði námsmanna.

Byggi skólinn rekstur sinn á skólagjöldum gerir mennta- og barnamálaráðuneytið þá kröfu að nemendur séu með staðfestum hætti upplýstir um gjöldin og skilmála sem gilda um innheimtu þeirra og rétt til endurgreiðslu.

Uppfylli skólinn ekki lengur skilyrði laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim, getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Skólinn skal hafa frumkvæði að því að upplýsa mennta- og barnamálaráðuneytið án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á. Þá ber skólanum að senda mennta- og barnamálaráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemina og veita því allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar þess er óskað, sbr. 6. gr. reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010.

Umsókn um endurnýjun viðurkenningar þessarar þarf að berast mennta- og barnamálaráðuneytinu ásamt fullnægjandi gögnum a.m.k. þremur mánuðum áður en gildistíma hennar lýkur.

Ásmundur Daðason
Ásmundur Einar Daðason
mennta- og barnamálaráðherra